

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Fráveitu Hveragerðis, nr. 119/2011.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjaldið ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Hveragerði er 0,255% af fasteignamati fasteigna.

2. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fráveita Hveragerðis annast árlega tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Hveragerði. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Hveragerði fyrir hreinsun hvernar rotþróar minni en 5 rúmmetra að stærð eru 36.500 kr. Fyrir hreinsun rotþróa, stærri en 5 rúmmetar skal gjald fyrir tæmingu þeirra vera í samræmi við raunkostnað í hverju tilviki fyrir sig.

*Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, 14. desember 2017.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2018